

**AUGLÝSING****um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt er sýnir þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að landsnotkun á staðgreinireit 1.246.118, sem afmarkast af Stangarholti og íbúðabyggð við Skipholt og Nóatún verði íbúðar- og stofnanasvæði (dagvistarheimili) í stað útivistarsvæðis.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af borgarstjórn Reykjavíkur og Skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1984.*

**Alexander Stefánsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

15. nóvember 1984

Nr. 449

**AUGLÝSING****um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt er sýnir þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að landnotkun á hluta staðgreinireits 1.132.0 á milli Ægisgötu og Nordurstígs breytist úr iðnaðar- og vörugymslusvæði í íbúðarsvæði.

Uppdráttur þessi hefur fengið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af borgarstjórn Reykjavíkur og Skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1984.*

**Alexander Stefánsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

20. nóvember 1984

Nr. 450

**AUGLÝSING****um nýtt fasteignamat.**

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur Yfirfasteignamatnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Matsverð fasteigna á landinu öllu hækkir um 25% og verði framreikningsstuðull samkvæmt því 1.25.
2. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.